



## Atvinnuleysi minnkaði um 0,1% - minnkunin var öll á höfuðborgarsvæðinu

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var skráð atvinnuleysi í október 4,9% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og hafði minnkað úr 5,0% frá því í september. 10.083 manns voru á atvinnuleysisskrá í lok október og fækkaði um 343 í október og var fækkunin einungis til komin á höfuðborgarsvæðinu.

Skráð atvinnuleysi náði hámarki í janúar sl. þegar það var 11,6%. Atvinnuleysið hefur því minnkað um 6,7 prósentustig frá því í janúar. Í október 2020 var almennt atvinnuleysi 9% og það hefur því minnkað um 4,1 prósentustig á einu ári.

Vinnuálastofnun spáir því að atvinnuleysi verði svipað í nóvembermánuði og var í október.

Atvinnuleysi hefur nú minnkað níu mánuði í röð og hefur lækkunin verið nokkuð hröð síðustu mánuði.

Reyndar jókst atvinnuleysi óverulega alls staðar á landinu nema á höfuðborgarsvæðinu í október.

Atvinnuleysið var einnig í kringum 5% í upphafi árs 2020 og því er staðan orðin svipuð nú og var áður en faraldurinn skall á.

### Lítilsháttar aukning nær alls staðar á landinu

Almennt atvinnuleysi jókst alls staðar á landinu nema á höfuðborgarsvæðinu milli september og október. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu minnkaði um 0,2 prósentustig milli mánaða en jókst um 0,1-0,2 prósentustig á öðrum svæðum.


Atvinnuleysi er eftir sem áður langmest á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu, og hefur það nú verið undir 10% á Suðurnesjum í þrjá mánuði, en hæst fór það í 24,5% í janúar 2021.

Atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum var þó enn yfir 10% í október, var 10,2%.

### Atvinnuleysi kynjanna svipað í heild


Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á tveimur svæðum, á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi vestra. Munurinn var mestur milli kynjanna á Suðurnesjum, 1,7 prósentustig körlum í hag. Þar var 10,2% atvinnuleysi hjá konum og 8,5% hjá körlum. Á Suðurlandi var atvinnuleysið einnig

Skráð atvinnuleysi 2020 og 2021



Heimild: Vinnuálastofnun

Almennt atvinnuleysi í september og október 2021



Heimild: Vinnuálastofnun



talsvert meira meðal kvenna en karla, eða 3,9% hjá konum en 2,7% hjá körlum.

Körlum á atvinnuleysisskrá fækkaði um 141 í október og konum um 204. Hlutfallslegt atvinnuleysi karla og kvenna hefur nú verið það sama í tvo mánuði í röð.

### Þróun eftir atvinnugreinum


Atvinnulausum fækkaði í flestum atvinnugreinum milli september og október 2021. Mest fækkaði í ferðatengdri starfsemi, um 4%-6%. Hlutfallslega fækkaði atvinnulausum mest í upplýsingatækni og útgáfustarfsemi sem og í fjármála- og tryggingastarfsemi eða um rúm 11%. Í flestum öðrum atvinnugreinum var fækkun atvinnulausra mun minni. Í annarri þjónustustarfsemi fjölgaði atvinnulausum lítilsháttar.

### Mikill árangur hefur náðst


Atvinnuleysi síðustu tvo mánuði er komið á sama stað og var í janúar 2020 áður en faraldurinn skall á. Staðan er þó að mörgu leyti öðruvísi og óviss. Góður árangur í baráttunni við atvinnuleysið hefur ekki hvað síst náðst með mikilli notkun ráðningarstyrkja. Miklu máli skiptir að ráðningarsambönd á grundvelli þessara styrkja haldi.

Eins og áður skiptir opnun landamæra, og auknir möguleikar í komum erlendra ferðamanna miklu þar sem töluvert er enn í land með að ferðaþjónustan nái sínum fyrri styrk.

Atvinnuleysi karla og kvenna í október 2021



Skráð almennt atvinnuleysi



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.